

Bráðabyrgða vettvangskonnnun með áherslu á gróðurfar og fuglalíf, á 9 ha landspildu sem á að raska vegna ráðgerðra framkvæmda landeldi Laxóss norðan Hauganess.

Könnunin fór fram mánudaginn 1. júní 2026 og var framkvæmd af Guðmundi Val Stefánssyni en hann er bæði með cand mag gráðu í almennri líffræði og cand scient í sjávar- og fiskalíffræði.



Mynd 1. Aðkoman að svæðinu er þannig að maður leggur bílnum við suður hlið gryfju sem er staðsett við ströndina og gengur svo norður með ströndinni. Rasksvæðið hefst u.þ.b. 150 m norðan við norðurhlið gryfjunnar, þar sem mynd 1 er tekin.



Mynd 2. Svæðið nær síðan tæplega 450 m í norður eða þar til vantar u.þ.b. 30 m að landamæragirðingu Brimness. Rask svæðið nær svo að meðaltali 200 m í austur, inn í landið



Mynd 3. Gróðurvistkerfin eru tvö og skiptast við sveitalang sem lítur út eins og gamall skurður og þar er einnig gömul girðing Svæðin eru hér nefnd norðursvæði (u.þ.b. 70% af heildar svæðinu) og suðursvæði (u.þ.b. 30%).



Mynd 4. Dæmi um lynggróður á norðursvæði. Norðursvæðið virðist vera allvel gróin lyngmóa-vistkerfi.



Mynd 5. Dæmi um gróðurfar á suðursvæði. Suðursvæðið virðist áður hafa verið ræktað land.

Þessi tvö gróðurvistkerfi virðast vera frekar breytileika lítil og einstrengisleg, hvort á sinn hátt.



Mynd 5. Dæmi um gróður á suðursvæði.



Mynd 6. Töluvert var um máffugla við sjávarsíðuna svo sem, líklegast, fíll (múkki), svartbakur og hvít- og silfurmáfur. Nokkrir máfar sýndu greinilega hreiður-/ungavarnar hegðun.

Ekki var vart við neina aðra fugla á svæðinu en máffuglana en það virtist vera gæsavarp svæði 400 til 600 m austan við umrædda landspildu. Hugsanlega gæti fyrirhuguð vegagerð raskað lítillega því varpsvæði.



Mynd 7. Horft frá norður enda svæðisin og sér maður þá stærsta hluti strandlengjunnar sem ætlunin er að raska.



Mynd 8. Horft frá sveitalangsgirðingunni í suðri í norðurátt. Röskunarsvæðið nær svo u.þ.b. 150 m lengra í suður, frá þessum stað.